

(3.100.000.00 + 175.000.00 + 4.545.00), og af því tel ég, að dæma beri stefndu Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til að greiða $\frac{1}{3}$ hluta, eða kr. 1.093.181.66, með 7% ársvöxtum frá 16. maí 1964 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 92.000.00 í málskostnað.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Stefndi Hraðfrystistöðin í Reykjavík skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Halldórs Sveinbjarnar Þórðarsonar, í máli þessu, og fellur málskostnaður milli þessara aðilja niður.

Stefndu Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sjávarútvegs- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði in solidum stefnanda kr. 1.093.181.66 með 7% ársvöxtum frá 16. maí 1964 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 92.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. maí 1969.

Nr. 59/1969. **Bjarni Bender og Ingi Ársælsson**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Þjóðleikhússtjóra f. h. Þjóðleikhúsráðs

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hin'r reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. marz 1969. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um útburð þann, sem krafizt er á hendur þeim, og stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst saðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er rækilega lýst í hinum áfrýjaða úrskurði.

Eigi sagði stefndi leigumálanum lausum fyrir 1. október 1968, þ. e. með þriggja mánaða fyrirvara, en hinn 27. september það ár taldi hann skuld áfrýjenda nema kr. 189.860.08, og hinn 6. nóvember s. á., er hann ritaði þeim og krafðist riftunar á leigusamningnum, taldi hann skuld þeirra nema kr. 214.860.04, en hinn 15. janúar 1968 krafðist stefndi útburðar á starfsemi áfrýjenda úr kjallara Þjóðleikhússins. Frá því í október 1968 og fram að næstu áramótum tók hann við greiðslum frá áfrýjendum, og er ósannað gegn andmælum þeirra, að hann hafi gert nokkurn fyrirvara um útburð, er hann veitti greiðslum þessum viðtöku. Við greind áramót taldi stefndi skuld áfrýjenda nema kr. 61.031.06, en þeir mótmæla því að hafa þá verið í nokkrum vanskilum með húsaleigugreiðslur. Telja þeir hér vera um að ræða reikninga fyrir rafmagn o. fl., sem þeir hafi mótmælt sem röngum, og hefur stefndi eigi fært sönnur á, að síðastgreind fjárhæð, kr. 61.031.06, sé eftirstöðvar vangoldinnar húsaleigu, en í reikningsyfirliti hans yfir skipti aðilja fyrstu 10 mánuði ársins 1968, þar sem getið er fjárhæðarinnar kr. 189.860.08, eru áfrýjendur auk húsaleigu skuldfærðir fyrir ýmsum kostnaði, svo sem fyrir sorphreinsun, rafmagnsnotkun og auglýsingu í Leikskrá 1968—1969.

Samkvæmt framansögðu eru eigi rök að því leidd, að áfrýjendur hafi um áramót 1968 og 1969 verið í slíkum vanskilum með greiðslu húsaleigu, að útburði varði, og eins og í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, verður eigi talið sannað, að áfrýjendur hafi að öðru leyti brotið svo leigumálann, að réttlæti útburð. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi, en samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fram í Hæstarétti, hafa áfrýjendur staðið skil á húsaleigugreiðslum eftir s.l. áramót og komið greindri fjárhæð, kr. 61.031.06, í greiðslugeymslu.

Rétt er, að málskostnaður fyrir fúgetadómi og Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað útburðar.

Málskostnaður fyrir fúgetadómi og Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fúgetadóms Reykjavíkur 25. marz 1969.

Gerðarbeiðandi, Guðlaugur Rósinkranz Þjóðleikhússtjóri, hefur krafizt vegna Þjóðleikhúsráðs, að gerðarþolar, þeir Bjarni Bender, Bústaðavegi 103, og Ingi Björgvin Ársælsson, Ljósheimum 18, verði með útburðargerð sviptir umráðum alls þess húsnæðis, sem þeir hafa að undanfórnu haft til afnota í kjallara Þjóðleikhússins og rekið þar veitingastarfsemi undir nafninu „Leikhúskjallarinn“. Hann krefst þess, að gerðarþolum verði in solidum gert að greiða málskostnað.

Gerðarþolar hafa mótmælt því, að gerð þessi nái fram að ganga. Þeir krefjast þess enn fremur, að þeim verði úrskurðaður málskostnaður.

Mál þetta var fyrst tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram 27. febrúar s.l. Samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda var málið endurupptekið til frekari gagnaöflunar hinn 17. þ. mán. og að nýju tekið til úrskurðar 18. þ. mán.

Í máli þessu liggur fyrir leigusamningur, gerður seint á árinu 1966, en dagsetning er ekki árituð. Er samningur þessi í heild á þessa leið:

„Guðlaugur Rósinkranz, þjóðleikhússtjóri, f. h. Þjóðleikhússins, í samningi þessum hér eftir nefndur leigusali, og Bjarni Bender, Stangarholti 18, Reykjavík, og Ingi Ársælsson, Sólheimum 27 hér í bæ, í samningi þessum hér eftir nefndir leigutakar, gera með sér svofelldan

LEIGUMÁLA:

1. Leigusali leigir leigutökum húsnæði það í kjallara Þjóðleikhússins, sem ætlað er fyrir veitingastarfsemi ásamt húsgögnum, borðbúnaði, eldhústækjum, borðdúkum og öðru sem tilheyrir og er til, allt í því ástandi, sem það er, er leigutakar taka við því.
2. Leigutakar greiða umsamda leigu, kr. 45.000.00 — fjörutíu og fimm þúsund krónur — fyrir hvern mánuð leigutímans,

- en hann er tvö ár, frá 1. janúar 1967 til 31. desember 1968. Leigugreiðslur skulu fara fram fyrsta dag hvers mánaðar.
3. Auk veitingasölu í Leikhúskjallaranum skal leigutaki hafa kaldar veitingar til sölu, þó ekki áfenga drykki, í anddyri leikhússins í hléum á leiksýningum.
 4. Leigutaki skuldbindur sig til að hafa einhvern hluta veitingasalanna í Leikhúskjallaranum opna fyrir leikhúsgesti í aðalhléi þau kvöld, sem leikið er í leikhúsinu, og skulu leikhúsgestir eiga kost á að fá þar keyptar veitingar. Allir veitingasalir skulu vera opnir á frumsýningum.
 5. Leigutaki hefur ekki heimild til sölu sælgætis í leikhúsinu.
 6. Leigutakar skulu láta starfsfólki leikhússins í té veitingar, heitan mat og kaldan svo og drykki heita og kalda, þó ekki áfenga drykki, í matstofu leikhússins og kaffistofu, um hádegi og að kvöldi, nema á mánudagskvöldum, á svo vægu verði sem unnt er, í samkomulagi við leigusala. Enda greiði leigutakar framreiðslufólki laun.
 7. Leigutakar greiði rafmagn og heitt vatn og annist og greiði ræstingu á hinu leigða húsnæði.
 8. Leigutakar eru skyldir að leyfa leigusala afnot af Leikhúskjallaranum, þegar leigusali óskar að hafa skemmtiatriði þar, eða samkvæmi á vegum leikhússins. Skal leigusali þá sjá um skemmtiatriðin og greiða allan kostnað í sambandi við þau, enda fá hann inngangseyri óskertan. Leigutakar skulu hins vegar sjá um og kosta veitingar allar og hafa allan hagnað af þeim, enda skulu tiltekin skemmtikvöld ákveðin með minnst viku fyrirvara.
 9. Leigutakar skulu skila hinu leigða húsnæði og öllum tækjum og áhöldum í sama ástandi og magni og þegar hann tók við því, að undanskildri eðlilegri fyrningu samkvæmt mati 2ja manna, einum tilnefndum af leigutökum og hinum af leigusala.
 10. Leigusali áskilur sér rétt til þess að hafa eftirlit með verðlagi og umgengni um salarkynni og meðferð áfengis og setja um það reglur, ef þurfa þykir. Eftirlit af hálfu leikhússins hefur þjóðleikhússtjóri og einn fulltrúi úr Þjóðleikhúsráði.
 11. Leigutaki skal hafa eftirlit með snyrtiherbergjum veitingasalanna og bera þann kostnað, sem því eftirliti fylgir.
 12. Umsaminn leigutími er frá 1. janúar 1967 til 31. desember 1968. Að þeim tíma liðnum framlengist samningur þessi um

eitt ár í senn, hafi hvorugur aðili sagt honum upp með minnst 3ja mánaða fyrirvara.

Guðlaugur Rósinkranz	Bjarni Bender
Þjóðleikhússtjóri	Ingi B. Ársælsson
f h.. Þjóðleikhússins	leigutakar“.

Útburðarbeiðni er dagsett 15. janúar s.l. Þar segir að útburðarbeiðni byggist á vanskilum gerðarþolanna og á öðrum vanefndum samnings, sem heimili riftingu hans, enn fremur á loforði þeirra að rýma húsnæðið. Er svo frá skýrt, að gerðarþolar hafi nokkurn veginn staðið í skilum með greiðslur fyrir árið 1967, þannig að skuld þeirra pr. 1. janúar 1968 var kr. 56.086.17, en brátt hafi vanskil orðið verulegri. Hefur gerðarbeiðandi lagt fram endurrit af viðskiptareikningi gerðarþolanna, sjá rskj. nr. 4. Vísar gerðarbeiðandi til þessa reiknings um greiðsludrátt á húsaleigu, þannig hafi þeir ekki greitt marz- og aprílleigur fyrr en í maí og leiga fyrir maí hafi verið greidd í júní. Kveðst þjóðleikhússtjóri margsinnis hafa fundið að greiðsludrætti við gerðarþolana, en án árangurs, þó að greiðslu væri lofað. Þá kveðst þjóðleikhússtjóri hafa átt tal við gerðarþolana hinn 27. september 1968 og hafi þeir þá skuldað 189.860.04 kr., og þá lofuðu þeir að greiða upp fyrir 4. október. Ekki hafi enn orðið af efndum og hinn 6. nóvember hafi þeim því verið ritað bréf, sem er viðurkennd móttaka á athugasemdalaust af Bjarna Bender, en með áritaðri athugasemd Inga B. Ársælssonar um vefingingu tilgreindrar skuldar og mótmælum riftingar leigumála. Er bréfið á þessa leið, eins og það liggur fyrir í málinu sem rskj. 5:

„Hr. Bjarni Bender og Ingi Ársælsson

Þjóðleikhúskjallarinn.

6. nóvember 1968.

Eins og yður er kunnugt, skuldið þér Þjóðleikhúsinu húsaleigu og rafmagn eftir Þjóðleikhúskjallarann kr. 214.860.04.

Með þessum vanskilum hafið þér fyrirgert leigurétti yðar til húsnæðisins, og neyðist ég því hér með að fella samninginn úr gildi og skora á yður að rýma húsnæðið fyrir 1. desember næstkomandi.

Virðingarfullt,
Þjóðleikhúsið,
Guðl. Rósinkranz

Samhljóða bréf móttakið hinn 7. nóv. '68 kl. 16.45. Tilfærð skuldaupphæð er ekki rétt og oftalin, ég mótmæli, að með skuldinni sé fyrirgert leigurétti, enda bréf þetta sent fyrirvaralaust.

Áskil mér fullan og óskoraðan rétt, að því er varðar leigu og aðstöðu í Leikhúskjallaranum, þrátt fyrir þetta bréf.

Ingi B. Ársælsson“.

Kveðst Þjóðleikhússtjóri hafa átt nokkur samtöl við gerðarþolana eftir riftingu leigumálans, hvorn í sínu lagi og báða saman. Kveðst hann hafa fallizt á það fyrir brýna beiðni þeirra að leyfa þeim að hafast við í húsplássinu með rekstur þeirra til áramótanna 1968—1969, og enn kveðst hann hafa framlengt brottfarartíma þeirra til 15. janúar þ. á. Hér er minnt á bréfaskriftir, sem lögmönnum aðilja hefur farið á milli um og eftir áramót, og hafa bréf þessi verið lögð fram í málinu. Í bréfi umboðsmanns gerðarbeiðanda, dagsettu 27. desember 1968, eru gerðarþolar minntir á rýmingarskyldu þeirra 15. janúar og þeim jafnframt boðað, að þegar eftir áramótin verði farið fram á talningu og mat, sbr. 9. gr. samnings. Í svarbréfi er rýmingarkröfu gerðarbeiðanda mótmælt, og jafnframt er fyrirætlun um matsgerð vísað á bug.

Útburðarkrafan byggist á vanskilum gerðarþolanna, svo sem að framan er lýst, enn fremur á skýlausu loforði þeirra um rýmingu húsnæðisins. Neitun þeirra um matsgerð, sbr. 9. gr. samnings, sjá hér að framan, sé stórlega vítaverð framkoma, þar eð með því séu þeir jafnframt beinlínis að hindra gerðarbeiðanda í að hafa eftirlit með húsnæðinu og notkun þess, sem þeim sé þó skylt. Sé þetta afar tilfinnanlegt fyrir Þjóðleikhúsið, þar um sé að ræða mikil verðmæti og eðlilegt sé að halda, að fjárhagur gerðarþolanna sé ekki svo mjög traustur, sbr. vanskil þeirra.

Þá er útburðarkrafan einnig byggð á því, að gerðarþolar hafi vanrækt þá samningsskyldu sína að reka sómasamlega veitingastarfsemi fyrir almenning og fyrir starfsfólk Þjóðleikhússins og skyldur sínar að halda eignum leikhússins, er þeir tóku við, í sæmilegu ástandi. Þá sé hreinlæti og umgengni ábótavant.

Gerðarbeiðandi hefur lagt fram nokkur gögn hér að lútandi. Lúta þau að slæmri hirðu og umgengni og vanrækslu á veitingaskyldum, vanrækt hafi verið í eitt sinn að hafa til reiðu veitingar fyrir leikhúsgesti, eitt vottorðið skýrir svo frá, að útihurð að veitingastaðnum hafi eitt sinn verið skilin eftir opin utan veitingatíma, og enn eitt vottorð segir, að gerðarþolar hafi eitt sinn beðizt undan því, að aðgöngumiðasalan sinni kaffipöntunum leikhúsgesta. Húsvörðurinn Ögmundur Kristófersson segir í vottorði, að hann hafi hvað eftir annað orðið áskynja vondrar umgengni og hirðu á veitingasölum og öðru húsnæði, er gerðarþolar

hafa umráð yfir, og kveðst hann margsinnis hafa kvartað yfir því við þá. Vanrækt hafi verið viðhald á kæliklefum og nokkrum sinnum hafi borið við, að aðaldyr kjallarans hafi verið opnar næturlangt. Vottorðsgefendur þessir hafa allir mætt sem vitni og gengizt þar við vottorðum sínum. Enn liggur fyrir í málinu vottorð framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitsins, rskj. 18, dagsett 3. janúar þ. á. Er þar fundið að hreinlæti og umgengni, sérstaklega í eldhúsi, geymslum og víðar, geymsla matvæla hafi verið slæm í kæliklefa, enda kælikerfi bilað. Þá er fundið að málningu, vinnuborðum og innréttingu í eldhúsi og setubekkjum í vinstúku.

Gerðarþolarnir mótmæla útburðarástæðum í hverri grein. Þeir mótmæla því, að þeir séu í vanskilum við gerðarbeiðanda. Fyrst og fremst vefengja þeir frásögn um rafmagnsskuldir og aðrar aukagreiðslur, sem þeim eru færðar til skuldar á reikningum gerðarbeiðanda, og varði slíkar skuldir raunar ekki útburði, þó að réttar væru. En þeir segja, að húsaleigukröfum hafi verið fullnægt. Rétt sé að sönnu, að fyrir hafi komið greiðsludráttur, en gerðarbeiðandi hafi sætt sig við það. Gerðarþolar segjast hafa átt tal við Þjóðleikhússtjóra hinn 27. september 1968. Þar hafi samizt svo um, að leigusamningur yrði framlengdur um eitt ár frá 1. janúar 1968, en samkvæmt ákvæðum samnings skyldi mega slíta honum með 3ja mánaða uppsagnarfresti miðað við áramót. Þannig hafi Þjóðleikhússtjóri haft í hendi sér að tilkynna þeim uppsögn á þessum fundi þeirra 27. september, ef hann þá hefði talið áframhald leigumála óæskilegt af Þjóðleikhússins hálfu. Þetta hafi hann ekki gert og hafi þó verið orðin nokkur skuld af þeirra hálfu, og mótmæla gerðarþolar því eindregið, að þeir hafi lofað að vera búnir að gera upp hinn 4. október. Segir Bjarni Bender, að þeir hafi lofað að greiða svo fljótt sem verða mætti á næstu mánuðum, en Ingi B. Ársælsson kveður þá hafa lofað að hafa greitt upp húsaleiguskuldir að fullu um áramótin 1968—69. Við þetta hafi verið staðið og síðan hafi leiga verið greidd með depositionum í banka. Samkomulag hafi hins vegar ekki orðið um ýmsar aukagreiðslur stafandi af veru þeirra í húsplássinu og engar umræður hafi orðið um leigutímalok, eins og áður segir, né síðan, og mótmæla gerðarþolar því eindregið, að þeir hafi lofað að rýma um áramót eða 15. janúar s.l.

Gerðarþolar vefengja riftingu þá, er fram kom við þá 6. nóvember í bréfi Þjóðleikhússtjóra. Hafi gerðarbeiðandi alls ekki verið vanhaldinn þá, samanber það, sem að ofan segir. Þeir benda á það, að tekið hafi verið við leigu til áramóta án alls fyrirvara af

hálfu gerðarbeiðanda, og verði það ekki lagt út nema sem viðurkenning þess, að fallið hafi verið frá riftingunni 6. nóvember.

Gerðarþolar mótmæla því, að þeim hafi borið skylda til að tilnefna matsmann af sinni hálfu samkvæmt 9. gr. leigusamnings. Ekki sé gert ráð fyrir slíkri gerð, fyrr en húsnæðið verði rýmt. Þeir mótmæla því, að hreinlæti og umgengni sé ábótavant, og hafi verið bætt úr smávægilegum aðfinningum heilbrigðis- eftirlitsins, en jafnframt sé þess að geta, að kælikerfi sé orðið úr sér gengið og gamalt og illviðráðanlegt að halda því í lagi.

Vottorðum nokkurra starfsmanna gerðarbeiðanda, sem á er drepið hér að framan, er mótmælt sem röngum og vilhöllum. Tekið er fram, að ef svo standi á, að mjög stór samkvæmi séu haldin í Leikhúskjallaranum, sé ekki hægt að sinna kaffipöntunum leikhúsgesta. Eitt skipti hafi svo borið við, að kaldar veitingar hafi ekki verið til reiðu í leikhléi, hafi birgðir þá verið uppseldar.

Gegn mótmælum gerðarþolanna er ekki sannað, að þeir hafi gefið loforð um rýmingu um s.l. áramót né hinn 15. janúar s.l. Verður útburður ekki byggður á því atriði. Aðfinningar þær um rekstur gerðarþola, sem fram hafa komið í málsútlitun gerðarbeiðanda, sbr. framlögð vottorð og framburði vitna, þykja heldur smávægilegar. Þá þykir hart í sakir farið að láta synjun gerðarþolanna á tilnefningu matsmanns, sbr. 9. gr. samnings, valda þeim svo miklum vítum, að útburði ættu að varða.

Gerðarbeiðandi hefur lagt fram yfirlitsreikning um viðskipti við Leikhúskjallarann frá og með áramótum 1967—1968. Þar er skuld gerðarþolanna talin kr. 56.086.17 pr. 1. janúar 1968. Þess ber að geta þegar í upphafi, að gerðarþolar hafa venfengt, að rétt sé farið með þær tölur, sem lúta að ýmiss konar auka-kostnaði, sem þeim er talinn til skuldar, svo sem rafmagnskostnaði o. þ. h. Þeir hafa þó ekki sýnt fram á neinar ákveðnar skekkjur í því sambandi, en að sjálfsögðu er t. d. rafmagnskostnaður mjög verulegur fyrir húsnæði sem þetta, bæði til eldunar og ljósa o. fl. Það verður ekki annað fyrir hendi en að leggja til grundvallar tölur þær, sem gerðarbeiðandi hefur gefið upp í þessu efni.

Gerðarþolar hafa haldið því fram í málinu, að þær upphæðir, sem þeir kunni að skulda fyrir annað en áfallandi úmsamda húsaleigu, geti ekki verið skuld, er varði útburði. Nú hefur ekki verið upplýst í málinu af þeirra hálfu, að þeir hafi látið þau fyrirmæli fylgja greiðslum, að þær skyldu ganga upp í ákveðna skuldaliði.

Verður ekki annað fyrir hendi en að telja gerðarbeiðanda hafa haft um það frjálst val, hvort hann í bókhaldi sínu léti þessar greiðslur ganga til kvittunar ákveðnum kröfufliðum eða hvort inn var fært sem almenn innborgun á hlaupandi viðskiptareikning. Þannig eru ekki atvik til að fara út í þetta atriði í úrskurði í máli þessu.

Það er komið fram í málinu, að þjóðleikhússtjóri hefur átt viðræður við gerðarþolana hinn 27. september 1968 um skuld þeirra, sem þá var kr. 132.321.91. Hefur þjóðleikhússtjóri borið fram í málinu, að hann hafi áður á árinu fundið að greiðsludrætti gerðarþolanna, en því er mótmælt af þeirra hálfu, og hefur þetta ekki verið sannað gegn þeim mótmælum. Aðiljum ber ekki saman um, hvað gerðist á fundi þessum. Hefur þjóðleikhússtjóri haldið því fram, að þeir gerðarþolarnir hafi lofað að hafa gert upp fyrir 4. október, en þeir mótmæla því að hafa gefið neitt loforð um það. Bjarni Bender hefur sagt, að þeir hafi lofað að greiða svo fljótt sem verða mætti á næstu mánuðum, en Ingi B. Ársælsson segir, að þeir hafi lofað að gera upp húsaleiguskuldina fyrir áramót 1968—69. Er ekkert um þetta upplýst, og verður að miða við það, að almennar reglur um vanskil komi hér til greina.

Í októbermánuði 1968 greiða gerðarþolar í peningum kr. 20.000.00 og leggja inn reikninga samtals að upphæð kr. 42.185.42. Á sama tíma fellur til húsaleiga fyrir október, kr. 45.000.00, og rafmagnskostnaður o. fl., samtals að auki kr. 54.723.55. Hinn 1. nóvember féll á nóvemberleigan, kr. 45.000.00, og riftar þjóðleikhússtjóri þá leigusamningi hinn 6. sama mánaðar. Sé aðeins litið á viðskipti aðilja frá 1. október til og með 1. nóvember, er niðurstaðan kr. 82.538.13 gerðarþolum í óhag. Verður að telja, að þjóðleikhússtjóri hafi samkvæmt almennum reglum verið í sínum fulla rétti að slíta samningum við gerðarþolana, þó að aðeins sé tekið tillit til áðurgreinds mánaðartíma, enda liggur ekki fyrir, að hann hafi gefið þeim neinn sérstakan frest til að standa í skilum, en aftur á móti fram komið, að skuld gerðarþolanna var sérstaklega til umræðu þá heldur nýlega. Þrátt fyrir þessa riftun er það fyrst 14. nóvember, að gerðarþolar greiða 90.000.00 krónur upp í skuldina og hinn 25. sama mánaðar kr. 65.000.00, svo og leggja þeir inn reikning að upphæð kr. 10.521.20 í þessum mánuði.

Þótt gerðarbeiðandi hafi tekið við greiðslum af hálfu gerðarþolanna upp í skuld þeirra allt til áramóta s.l., þá þykir ekki sanngjarnt að ætla, að hann hafi með því viljað falla frá rift-

ingu leigumálans eða að gerðarþolar hafi mátt ætla, að sú væri meining hans, enda höfðu þeir ekki nærri lokið því að greiða skuld sína um áramót.

Vegna þessara vanskila, sem að framan er lýst, þykir ekki verða hjá því komizt að taka kröfu um útburð til greina. Þó þykir rétt, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 13. maí 1969.

Nr. 7/1969. **Knud Andersen og Willum Andersen**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Guðmundi Guðlaugssyni

(Gunnar Jónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Línadal.

Skipstjóraun. Sjóveðréttur. Ómerking ummæla.

Dómur Hæstaréttar.

Pétur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Angantýr Eliasson og Páll Þorbjörnsson skipstjórar hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 13. janúar 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi. Þá krefjast þeir þess, „að ummæli í dómsforsendum, „verður framkoma Knuds ... í því